

Umsögn skipulagsdeildar

Álfhólsvegur 17a - Kynning á byggingarleyfisumsókn

ONE23011661

Dags. 17. maí 2023

1) Forsendur

Aðalskipulag Kópavogs 2019 - 2040 staðfest 28. desember 2021 gerir ráð fyrir íbúðarbyggð í gömlu hverfi sem er ódeiliskipulagt.

2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs þann 6. febrúar 2023 var lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 13. janúar 2023, þar sem umsókn Höllu Haralds arkitekts um byggingarleyfi f.h. lóðarhafa var vísað til skipulagsráðs. Í breytingunni felst byggja 16,8 m² smáhýsi á lóð að Álfhólsvegi 17a. Nýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 0,23 í 0,25 við breytinguna. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:500 dags 28.12.22.

Á fundi skipulagsráðs þann 6. febrúar samþykkti skipulagsráð með tilvísun í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð byggingarleyfisumsókn verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Álfhólsvegar 2, 2a, 4, 4a, 6, 6a, 8, 8a, 10, 10a, 12, 12a, 14, 14a, 15, 15a, 17, 19, 21, 23 og Auðbrekku 6, 8, 10, 12 og 14.

Grenndarkynning var send út þann 27. mars 2023. Með bréfinu fylgdi afstöðumynd í mkv. 1:100 og 1:500 og grunnmynd/sneiðing í mkv 1:100 dags 28.12.22, sjá fylgiskjal 1. Athugasemd barst.

3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Sóley Þorvaldsdóttir, lóðarhafi Álfhólsvegar 17 (Fylgiskjal 2)

1. Sóley Þorvaldsdóttir, Álfhólsvegur 17a

1.1

Þetta aukahús var reist í ágúst 2019 og hef ég mótmælt því síðan, með bréfum til byggingarfulltrúa. Reyndar þurfti ég hjálp frá HMS til að fá svör frá honum, þegar hann hafði ekki svarað mér í 18 mánuði, en 12.10.2021 sendi hann mér afrit af bréfi til eigenda kofans, þar sem þau fengu frest til 13.12.2021 til að sækja um leyfi. Eina sem þau gerðu var að segja leigjandanum upp en kofinn hafði verið í útleigu frá ágúst 2019. Eins er með bílskúrinn, hann hefur verið í útleigu frá sama tíma og er enn.

Umsögn 1.1

Byggingarfulltrúi hafði samband við lóðarhafa við Álfhólsveg 17a í október 2021 og febrúar 2022 um að sækja þyrfti um byggingarleyfi fyrir smáhýsinu því það væri stærra en 15 m² og áréttaði að búseta í smáhýsi og bílskúrum væri óheimil. Nú er þessi byggingarleyfisumsókn í skoðun.

1.2

Ekki veit ég hvernig klósett og vatn var lagt í bæði húsin, allavega var enginn skurður grafinn fyrir þessar lagnir. En grasið á lóðarmörkum er allt í gráum skellum, hvort sem það er út af þessu eða ekki.

Umsögn 1.2

Ef byggingarleyfisumsókn verður samþykkt þá mun byggingarfulltrúi gera lokaúttekt á byggingu og ganga þarf frá drenlögnum samkvæmt byggingarreglugerð.

1.3

Ég mótmæli því harðlega þessu aukahúsi á parhúsaloð húsanna Álfhólsvegur 17 og 17A, því þegar bæði bílskúrin og kofinn eru í útleigu, þá er þetta orðið fjölbýlishús, en ekki parhús eins og lóðarleigusamningur minn hljóðar upp á.

Umsögn 1.3

Verið er að sækja um smáhýsi með notkun sem vinnurými og er óheimilt að hafa búsetu þar. Ekki er ætlast til þess að þar sé gíst.

1.4

Eigendur að Álfhólsvegi 17A eru að sækja um leyfi fyrir vinnurými. En þau eru með vinnuskúr sem er staðsettur víð endann á bílskúrnum. Mjög skrytið að vinnurýmið sem þau eru að sækja um nú þurfi að vera með sturtu og klósett.

Umsögn 1.4

Ekki er óheimilt að hafa sturtuaðstöðu í vinnurými.

4) Niðurstaða

Það er mat skipulagsdeildar að tillagan hafi óveruleg áhrif á aðlægar lóðir. Bent er á að vissulega er ekki gert ráð fyrir gistingu í vinnurými/vinnustofu.

Andmæli vegna aukahúss á **parhúsalóð** að Álfhólsvegi 17 og 17A

Þetta aukahús var reist í ágúst **2019** og hef ég mótmælt því síðan, með bréfum til byggingafulltrúa. Reyndar þurfti ég hjálp frá HMS til að fá svör frá honum, þegar hann hafði ekki svarað mér í 18 mánuði, en 12.10.2021 sendi hann mér afrit af bréfi til eigenda kofans, þar sem þau fengu frest til 13.12.2021 til að sækja um leyfi.

Eina sem þau gerðu var að segja leigjandanum upp en kofinn hafði verið í útleigu frá ágúst 2019. Eins er með bílskúrinn, hann hefur verið í útleigu frá sama tíma og er enn.

Ekki veit ég hvernig klósett og vatn var lagt í bæði húsin, allavega var enginn skurður grafinn fyrir þessar lagnir. En grasið á lóðarmörkum er allt í gráum skellum, hvort sem það er út af þessu eða ekki.

Mér var svo nóg boðið, þegar lögreglan bankaði upp á í byrjun árs 2022 vegna kvörtunar um kannabislykt frá húsinu. Hvort lögreglan fann eitthvað veit ég ekki, en allir 7-8 dýru bílarnir við húsið hurfu fljótlega eftir þessa heimsókn lögreglunnar.

Ég mótmæli því harðlega þessu aukahúsi á parhúsalóð húsanna Álfhólsvegur 17 og 17A, því þegar bæði bílskúrinn og kofinn eru í útleigu, þá er þetta orðið fjölbýlishús, en ekki parhús eins og lóðarleigusamningur minn hljóðar upp á.

Virðingarfyllt,
Sóley Þorvaldsdóttir
Álfhólsvegi 17.

Góðan dag

Þegar ég sendi andmælin gleymdi ég að minnast á að eigendur að Álfhólsvegi 17A eru að sækja um leyfi fyrir vinnurými. En þau eru með vinnuskúr sem er staðsettur við endann á bílskúrnum. Mjög skrytið að vinnurýmið sem þau eru að sækja um nú þurfi að vera með sturtu og klósett.

Kveðja
Sóley Þorvaldsdóttir
Álfhólsvegi 17